

# Beiðni um staðfestingu vegna augasteinsaðgerðar

 **Sjúkratryggingar Íslands**  
Vínlandsleið 16  
113 Reykjavík  
Sími 515-0000  
www.sjukra.is

## Persónuupplýsingar:

1. Nafn sjúklings:	2. Kennitala:
--------------------	---------------

## Sjúkdómsgreining:

3. ICD nr.	4. Sjúkdómsheiti

5. Auga sem aðgerð er fyrirhuguð á:

Hægra:  Vinstra:  Báðum:  (innan árs)

6. Mælanleg sjónskerpa skv. Snellen skala:

Hægra auga:

<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
0,1	0,2	0,3	0,4	0,5	0,6	0,7	0,8	1,0
20/200	20/100	20/70	20/50	20/40	20/33	20/28	20/25	20/20

Vinstra auga:

<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
0,1	0,2	0,3	0,4	0,5	0,6	0,7	0,8	1,0
20/200	20/100	20/70	20/50	20/40	20/33	20/28	20/25	20/20

7. Hefur sjúklingur áður farið í augasteinsaðgerð?:

já  nei

8. Önnur einkenni:

- Breytileikar í sjónfærni (visual disability) við mismunandi ytri skilyrði (t.d. lýsingu).
- Minnkuð geta til að framkvæma nauðsynlegar og æskilegar athafnir daglegs lífs.
- Tvísýni.
- Minnkuð geta til að stunda vinnu eða keyra (viðhalda ökuskírteini).

9. Uppfyllir sjúklingur að mati læknis sett skilyrði fyrir augasteinsaðgerð? \*:

já  óskað er eftir mati Sjúkratrygginga Íslands

10. Aðgerðarlæknir hefur upplýst sjúkling um eðli og áhættu aðgerðar?:

já  nei

## Upplýsingar / áritun læknis sem fyrirhugar að framkvæma augasteinsaðgerðina:

11. Nafn:	12. Kennitala:
13. Aðsetur:	14. Læknanúmer:
15. Dagsetning:	16. Undirskrift læknis:

\* Sjúklingur uppfyllir skilyrði fyrir augasteinsaðgerð með greiðslupátttöku Sjúkratrygginga Íslands, sjá nánar skilyrði fyrir kataraktaðgerð og á heimasíðu (sjukra.is).

## Skilyrði fyrir kataraktaðgerð

Eftirfarandi skilyrði þarf að uppfylla til að aðgerð sé talin réttlæt看leg/nauðsynleg. Auk óskar um að fara í aðgerð (upplýst samþykki) eru megin skilyrði minnkuð sjónskerpa, skert færni og lífsgæði vegna skýs.

### 1. Forgangsröðun

Að öllu jöfnu skal aðgerð fara fram á „verra auganu“ fyrst.

### 2. Ábendingar fyrir skýaðgerð (kataraktaðgerð):

- Að aðrar viðeigandi leiðir en aðgerð** (t.d. rétt gleraugu, tvískipt gleraugu, stækkunargler, lýsing, útvíkkun sjáaldurs) hafi verið prófaðar og reynst ófullnægjandi.
- Að sjúklingur hafi fengið fræðslu** um kosti og galla skurðaðgerðar og aðrar mögulegar leiðir til að minnka sjónskerðingu. Sjúklingur á sjálfur að meta hvort áhættan sé þess virði að fara í aðgerð.
- Huglægt mat sjúklings.** Huglægt mat nær til þeirra áhrifa sem sjóndepurðin hefur á lífsgæði og færni einstaklingsins, þ.e. þegar færni til að framkvæma ekki bara nauðsynlegar athafnir heldur líka æskilegar athafnir er skert. Þetta tekur óhjákvæmilega mið af virkni í starfi, tómstundum og almennum þáttum daglegs lífs hvers og eins. (Þættir s.s. ökuhæfni, sjónvarpsáhorf, tómstundir, hannyrðir, lestur og fluguhnýtingar).

Eftir því sem mæld sjónskerpa er betri þarf staðfest færniskerðing sem rekja má til skýs á auga að vera meiri. Sjónskerpa sem nægir einum getur verið alls ófullnægjandi fyrir annan og því er ekki hægt að setja nein ein sjónskerpumörk.

Óskað er upplýsinga um:

- Mat sjúklings á færniskerðingu vegna sjóndepru svó sem
  - breytileika í sjónfærni (visual disability) við mismunandi ytri skilyrði (t.d. lýsingu, "glare").
  - getu til að framkvæma nauðsynlegar og æskilegar athafnir.
  - einkenni s.s. tvísýni og fleira.
  - getu til að stunda vinnu eða keyra (viðhalda ökuskrteini).
- Mat sjúklings á áhrifum sjóndepru og annarra einkenna frá augum á lífsgæði.
- Kvartanir vegna blindunar af ljósi (sólárljós, bílljós og þess háttar). Hjá sumum er þetta meginvandamál og verst í birtu og því ósamræmi í mælingu á sjónskerpu í myrkvudu herbergi og þess sem sjúklingur upplifir.

Æskilegt er að nota mælitæki/einkenskala til að meta færniskerðingu vegna sjóndepru.

- Hlutlægt mat:** Byggist á mælingu á sjónskerpu (skv. Snellen skala) á því auga sem aðgerð er fyrirhuguð á. Skoðun staðfestir að ský veldur sjónskerðingunni og aðrir þættir séu ekki til staðar sem vænta má að komi í veg fyrir bata þrátt fyrir aðgerð.

- Mæld sjónskerpa sé 20/50 (0,40) eða verri með bestu leiðréttingu og staðfest er færniskerðing vegna þess.
- Mæld sjónskerpa sé á bilinu 20/50 (0,40) til 20/28 (0,70) með bestu leiðréttingu og auk þess þarf eitthvert eftirtalinna huglægra atriða að vera til staðar:
  - Breytileikar í sjónfærni (visual disability) við mismunandi ytri skilyrði (t.d. lýsingu).
  - Minnkuð geta til að framkvæma nauðsynlegar og æskilegar athafnir daglegs lífs.
  - Tvísýni
  - Minnkuð geta til að stunda vinnu eða keyra (viðhalda ökuskrteini).
- Aðrar ábendingar:
  - Vegna skýs sem veldur hækkuðum augnþrýstingi.
  - Vegna skýs sem hindrar nauðsynlega skoðun á augnbotnum vegna augnbotnasjúkdóms.

Miðað er við að frá þeim tíma sem aðgerðarbeiðni er staðfest og að sjúklingur uppfylli skilyrði um hlutlægt mat d-liðar 2. gr. þurfi hann ekki að bíða lengur en í 3 mánuði eftir aðgerð. Hafi sjúklingur beðið lengur en í 9 mánuði fer viðkomandi á forgangslista fyrir aðgerð.

### e) Aðgerð á seinna auga.

Ef árangur aðgerðar á fyrra auga skilar tilætluðum árangri og aðgerð á seinna auga er líkleg til að skila verulega bættri sjón fer viðkomandi á forgangslista fyrir aðgerð á því auga.

### f) Aðgerð á báðum augum sama dag.

Skilyrði fyrir aðgerð á báðum augum sama dag er að um tvær aðskildar aðgerðir sé að ræða eftir ströngustu reglum og ekki notaður neinn efniviður né verkfæri frá fyrri aðgerðinni við þá síðari.

Aðgerð á báðum augum er aðeins réttlæt看leg í eftirfarandi tilfellum:

- Ef sjúklingur er verulega hreyfihamlaður.
- Ef sjúklingur er einbúi sem þarfnast aðstoðar fyrsta sólarhringinn eftir aðgerð.
- Þegar svæfingar er þörf.

Ætlast er til að sjúklingur hafi fengið fræðslu munnlega eða skriflega um kosti og galla þess að fara í aðgerð á báðum augum sama dag.

### 3. Frábendingar. (Hvenær á ekki að framkvæma kataraktaðgerð)

- Þegar aðrar leiðir (gleraugu m.a.) gefa ásættanlega sjón að mati sjúklings.
- Þegar skurðaðgerð er ekki talin bæta færni.
- Þegar sjónskerðing hefur ekki áhrif á færni.
- Þegar sjúklingur er of veikur til að þola eða samþykkja aðgerð.
- Þegar sjúklingur sem hefur undirgengist skýaðgerð á öðru auga er ekki búinn að jafna sig.